

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Sæluvellir, Sælugrund og Leiti.

Deiliskipulagið tekur til verslunar- og þjónustusvæðis í landi Réttarholts og stakra lóða á landbúnaðarsvæði í Leiti og Réttarholti. Réttarholt, land, L189447, fær nýtt staðfang með nýju skipulagi og kallast Sæluvellir. Verslunar- og þjónustulóðir innan Sæluvalla fá staðfangið Sælugrund. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins.

Deiliskipulag fyrir smábýlalóðina Leiti, sem nær yfir hluta skipulagssvæðisins, verður fellt úr gildi með gildistöku þessa skipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. janúar 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.